

# Fundargerð stjórnarfundar 15 apríl. 2010

Staður: Fjallalind 121. Kópavogi  
Tími: 15 apríl 2010, kl. 20 – 22.20  
Viðstaddir:

Hannes Siggason (HS) formaður  
Frá Keldudal: Guðrún S. Ólafsdóttir (GSÓ)  
Frá Hólsbraut: Kjartan Kárason (KK)  
Frá Króki: Hjalti Elíasson (HE);  
Frá Hlíðarbraut: Einar Ragnar Sigurðsson (ERS)  
Forföll boðaði: Frá Heiðarbraut: Sveinn Björnsson (SBJ)  
Frá Gilbraut: Sveinn Baldursson (SB)

---

Dagskrá fundarins var svohljóðandi:

*Félag landnema á Fellsmörk (FLÁF)*

## Stjórnarfundur 15.apríl 2010 - Fundarboð

### Dagskrá

- 1) Fundargerð síðasta stjórnarfundar. Lýst eftir athugasemdum við fundargerðina sem hefur verið send stjórnarmönnum. Athugasemdir skráðar – ef einhverjar eru og fundargerðin síðan undirrituð. (Umsj. SB)
- 2) Fjárhagsstaða félagsins (Umsj. KK)
- 3) Fréttir af stjórnarstörfum SR (Umsj. HE)
- 4) Skýrsla um ástand stofnbrauta, vegslóða og girðinga á Fellsmörk
  - HS greinir frá því sem gerst hefur frá síðasta stjórnarfundum
- 5) Verkefnalisti – Áherslumál stjórnar 2009-2010 – Sjá fylgiskjal með fundarboði. (Umsj. yfirferðar HS en allir stjórnarmeðlimir eiga verkefni á listanum)
- 6) Undirbúningur aðalfundar FLÁF sem verður 26. apríl 2010.
  - Fundarstaður
  - Fundarstjóri
  - Fundarritari
  - Kaffiveitingar
  - Dagskrá aðalfundar og fundarboð
  - Mögulegir fulltrúar í næstu stjórn – fulltrúar brauta? – formaður?
- 7) Önnur mál (Allir)

---

Ekki verður sérstakt kaffihlé

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt og undirrituð.
2. Skýrsla gjaldkera. Fjárhagur í góðu jafnvægi. Búið að senda út innheimtutilkynningar fyrir árgjaldi. HS leggur fram reikning fyrir frímerkjum.
3. HE. fer yfir síðasta stjórnarfund S.R þar sem Þróstur formaður ræddi um ferð okkar austur í Fellsmörk. Honum fannst ástandið slæmt og algerlega óviðunandi. Lögð fram tillaga að gerð vega á svæðinu. Landnemar á Fellsmörk ekki sáttir við tillöguna. Horft til samráðsferðar sem fyrir huguð er Fellsmörk með fulltrúum frá Landbúnaðarráðuneyti, Landgræðslunni, Vegagerð, sveitarstjórn, Fornleifanefnd, fulltrúa Fellsmerkur og fulltrúa Skógræktarfélag Rvk.

HE segir einnig frá aðalfundi SR þar sem Þróstur formaður kom inn á Fellsmörkina. Hans sýn er að Fellsmörkin verði keypt og gerð að "mini" Þórsmörk. H.E lagði fram ályktun til Landgræðslunar um Fellsmörkina ( sjá fylgiskjal.)

4.a. Umræður um ástandsskýrslu Fellsmerkurfélagsins. Hún var send Sveini sveitarstjóra og var hún tekin til umræðu í sveitarstjórn. Þar var ákveðið að boða til samráðsfundar með öllum aðilum málsins og er hún fyrirhugað 14. apríl. Þeir sem eru boðaðir eru fulltrúi frá Landbúnaðarráðuneyti, Landgræðslunni, Vegagerð, sveitarstjórn, Fornleifanefnd, Fellsmerkurfélaginu og Skógræktarfélag Rvk.

5. GÓ fræddi okkur um að einhverjar hreyfingar eru á rafmagnsmálum og fyrirhugað að fulltrúi **RARIK** komi í Fellsmörkina um miðjan maí.

6. Undirbúningur aðalfundar . Stefnt að halda hann 26 apríl. 2010 að Elliðavatni. Fundarboð hefur verið sent út til félagsmanna.

Dagskrá verður hefðbundin og engar breytingar áætlaðar á venjulegum fundarsköpum. Stjórnarmenn gefa allir kost á sér áfram, nema K.K gaf ekki ákveðið svar.

Þá var ákveðið að HS myndi athuga hvort Jón Þór, eini landneminn við Dalbraut, óskaði eftir að vera fulltrúi brautarinnar.

Einnig að það væri ekki sjálfgefið að landnemar í Króki væru áfram með tvo fulltrúa í stjórn, þ.e. fyrir Krók og

Dalbraut, eins og þeir hafa haft undanfarin sjö ár.

Vitað er að Valdimar Reynisson hefur sýnt áhuga á stjórnarsetu fyrir Hólsbraut.

7. Önnur mál. HS lagði fram niðurstöðutölur um Langræðsluskóga. Verður lagt fram á aðalfundi Fellsmerkurfélagsins.

## **Fundi slitið um kl. 22.00.**

Fundargerðina ritaði Hjalti Elíasson

Dreifing: Stjórn félagsins ; Heimasíða félagsins

Undirritaðir hafa lesið fundargerðina og eru henni samþykkir: